

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Garði.

*Deiliskipulag íbúðarsvæðis ofan Skagabrautar.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs samþykkti þann 4. apríl 2018 nýtt deiliskipulag íbúðarsvæðis ofan Skagabrautar. Í tillögunni felst uppbygging íbúðarhúsnæðis og þétting núverandi byggðar. Alls er um að ræða 62 íbúðir í 44 húsum. Sjá nánar svæði auðkennt ÍB10, ÍB6, ÍB8 og ÍB11 í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030.

Við gildistöku skipulagsins fellur eldra deiliskipulag innan svæðisins úr gildi, svokallað „Deiliskipulag við Útgard (Búmannasvæði)“ sem var samþykkt í bæjarstjórn 3. september 2003.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breyting deiliskipulags íbúðarsvæðis ofan Garðvangs – Teiga- og Klapparhverfi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs samþykkti þann 7. febrúar 2018 breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis ofan Garðvangs – Teiga- og Klapparhverfi. Í breytingunni felst endurskoðun á hluta íbúðarsvæðis Teiga- og Klapparhverfis með það að markmiði að mæta þörf fyrir minni og hagkvæmari íbúðir. Í breyttri deiliskipulagstillögu af þessum hluta hverfisins er gert ráð fyrir alls 101 íbúð í 45 húsum sem er fjölgun um 45 íbúðir frá sama hluta af samþykktu skipulagi. Sjá svæði auðkennt ÍB9 í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Garði, 5. júní 2018.*

**Jón Ben Einarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2018